Föndurlist
Vaxandi

# Slímgerð




## Vörur fyrir slímgerð
## Skemmtilegar slím uppskriftir
## Algengar spurningar um slímgerð

Föndurlist - Vaxandi ehf
Strandgata 75, 220 Hafnarfjörður
s. 553-1800
facebook.com/fondurlist
www.fondurlist.is

Opið virka daga 13-18 - Laugardaga 11-15

# Vörur sem Föndurlist selur í Slímgerð




Elmer's
Hvítt skólalím




Elmer's
Hvítt skólalím




Elmer's
Glært skólalím




Elmer's glimmer
lím - margir litir




Glóir í myrkri
málning




Plastkúlur




PearlEx litarefni
margir litir




Gifs
Plaster of Paris




Frauðkúlur




Glimmer margar
gerðir og litir




Glóir í myrki
málning - í setti
eða stakir litir




Glært þvottaefni




Sta-Flo
Stífelsi Vökvi
Slím activator



Black Iron Oxide
Powder - málmduft
fyrir Segul slím




Segull fyrir
Segulslím




Þurr glimmer
Glóir í Myrkri













Crayola Magic Leir - seldur í mörgum litum og pakkastærðum

# Ýmsar skemmtilegar hugmyndir fyrir slímgerð



# 20 uppskriftir fyrir slímgerð

Öll notkun á uppskriftunum og efnunum í þessari samantekt er
á eign ábyrgð. Mælum með að foreldrar hafi umsjón
með slímgerðinni og að öllum efnum sé haldið frá andlitinu -
og þú þvoir hendurnar eftir slímgerðina !

Skemmtu þér vel !

## Uppskrift 1

## EINFALT SLÍM



Það sem þarf:

1/2 matskeið matarsóti
1 matskeið augnlinsuvökvi
118 ml Hvítt Elmers skólalím

Aðferðin:

1. Blandaðu matarsódanum og augnlinsuvökvanum saman í skál
þetta er activator eða það sem gerir límið að slími - settu þetta til hliðar.

FÖNDURLIST

2. Helltu hvíta líminu í aðra skál.

3. Helltu activator nr 1 hér að ofan hægt út í límið og blandaðu þessu vel saman.

4. Þegar þú ert búin/n að blanda þessu vel saman og slímið hefur formast - taktu það upp og hnoðaðu þangað til slímð er ekki lengur límkennt - loðir ekki við þig.

5. Geymdu slímið í loftþéttum umbúðum - plastdós eða plastpoka.

P.S

Matarsódi (baking soda) er til á flestum heimilum og fæst út í matvörubúð.
Augnlinsuvökvi þarf að innihalda boric acid.

Uppskrift 2

# SLÍM SEM GLÓIR Í MYRKRI



Það sem þarf:

1/2 matskeið matarsóti
1 1/4 matskeið augnlinsuvökva
118 ml hvítt Elmers skólalím
2 matskeiðar glow in the dark málningu.

Aðferðin:

1. Blandaðu saman matarsótanum og augnlinsuvökvanum í skál og settu til hliðar - þetta kallast activator - eða það sem gerir þetta að slími.

2. Helltu líminu í skál og blandaðu við glow málninguna blandaðu vel.

3. Helltu activator nr 1 hér að ofan hægt út í blönduna og hrærðu vel þangað til slím myndast og formast.

FÖNDURLIST

4, Taktu slímið úr skálinni og hnoðaðu þangað til límið er ekki lengur límkennt/sticky.

5. Nú þarf að hlaða slímið með vasaljósi eða lampa í ca 1 mínútu farðu yfir allt yfirborð slímsins.

6. Farðu með slímið í dimmt herbergi - skemmtu þér vel :-)



Uppskrift 3

# EINFALT SLÍM - önnur útgáfa

Það sem þarf:

118 ml Elmers Hvítt lím
2 1/2 matskeið af glæru þvottefni - Tide

Aðferð:

1. Settu allt límið í skál - helltu þvottefninu hægt út í límið og hrærðu stöðugt með skeið.

2. Þegar slímið er alveg blandað og heldur formi - taktu það upp og hnoðaðu það í höndunum - eftir því sem þú teygjir meira á líminu þá verður það minna límkennt/klístrað.

3. Geymdu það í boxi eða poka - loftæmdum.

Ef límið er of límkennt/sticky - bættu við þvottaefni.
Þú getur bætt við nokkrum dropum af grænum matarlit til að fá þetta klassíska slím útlit.

FÖNDURLIST



Uppskrift 4

# GLÆRT SLÍM - Glervökva slím / Kristal taert slím

hvað sem þú vilt kalla það - þá er það glaert :-)



Það sem þarf:

118 ml Elmers Glaert lím
1/4 bolli vatn
3-4 matskeiðar af glaeru þvottefni - Tide

Aðferð:

1. Blandaðu glaera líminu og vatninu saman.

2. Settu glaera þvottaefnið haegt út í límið - eina matskeið í einu og hraerðu stöðugt - haltu áfram að baeta þvottefninu við og hraera.

3. Þegar þetta hefur blandast og slímið formast - það verður eftir smá vatn. Taktu slímið og settu það á flatan sléttan flöt. Límið verður dálítið lím-kennt/klístrað. Hnoðaðu varlega með höndunum þangað til límið loðir ekki við hendurnar á þér.

FÖNDURLIST

4. Settu límið í loftaemt box og geymdu það í 3-5 daga eða þangað til það er glaert og bólu laust.

Ef límið er ekki nógu teygjanlegt - baettu við matskeið af vatni og geymdu það í 1 dag.

Slímið dregur vatnið í sig. EF þú vilt fá þykkt slím - baettu við þvottefni.



Uppskrift 5

# CRUNCHY SLÍM

Það sem þarf:

118 ml Glært Elmer's lím
1/4 bolla af vatni
2 dropa af matarlit - lit eftir smekk
3-4 matsskeiðar af glæru þvottefni - Tide
1 bolla af glærum plastperlum eða kúlum

Aðferð:

1. Blandaðu saman glæra líminu - vatninu og matarlitnum í skál.

2. Bættu þvottefninu hægt við blönduna og hrærðu.
Ekki bæta við of miklu því þú vilt að þetta sé svolítið límkennt/klistrað.

FÖNDUR.LIST

3. Hnoðaðu límið þangað til það er algjörlega blandað og heldur formi en enn tacky/loðir við eða er límkennt.

4. Helltu perlunum eða kúlunum út í og blandaðu/hnoðaðu saman.



Uppskrift 6

# SKÝJA SLÍM

Það sem þarf:

1/2 matskeið matarsóti
1 1/4 matskeið augnlinsuvökvi
118 ml Glært Elmer's lím
2 dropar af matarlit - lit eftir smekk
1 bolli hárfroða
1 bolli raksápa

Aðferð:

1. Blandaðu saman matarsótanum og augnlinsuvökvanum í litla skál þetta er activatorinn eða það sem framkallar slímið.

2. Blandaðu síðan líminu, matarlitnum, hárfroðunni og raksápunni í millistærð af skál - blanda vel.

FÖNDURLIST

3. Bættu activator við - skref 1 hér að ofan.

4. Þegar slímið er ekki lengur límkennt/klístrað - þá er kominn tími til að leika með það - Góða Skemmtun!



Uppskrift 7

# KRISTAL SLÍM

Það sem þarf:

Einota bleyja
Skaeri
1 dropi af bláum matarlit
1/4 bolli vatn
118 ml af Glaeru Elmers límí
3 Matskeiðar af glaeru þvottaefni - Tide
Miðstaerð af skál



Aðferð:

1. Klipptu bleyjuna í tvennt og settu efnið/púðrið sem er inn í henni og kallast sodium polyacrylate í skálina. Passaðu að annað en púðrið fari ekki í skálina.

FÖNDURLIST

2. Baettu matarlitnum við og hraerðu.

3. Baettu vatninu við - púðrið dregur í sig vatnið og bólgnar upp og breytir í kristala.

4. Baettu líminu við og hraerðu.

5. Baettu þvottaefninu við til að framkalla slímið og hraerðu / þvottaefnið er activatorinn í þetta skipti.

6. Haltu áfram að blanda - hraera þangað til slímið er ekki lengur límkennt taktu það upp - teygðu á því þangað til það er þjált og ekki klistrað.

Uppskrift 8

# SHERBET SLÍM

Þú getur valið um ilmefni - vanillu - sítrónu - lime - bara eftir smekk möguleikarnir eru endalausir.

Það sem þarf:

Glært slím - sjá uppskrift Nr 4
3-4 dropar af matarlit - lit eftir smekk
1/4 bolli af Hvítum Model Magic Leir
1-2 dropa af ilmefni - eftir smekk

Aðferð:

FÖNDURLIST

1. Settu glæra slímið - uppskrift Nr 4 í millistærð af skál og hnoðaðu matarlitinn í slímið með skeið.

2. Blandaðu leirinn við slímið þangað til það er orðið slétt og fínt, engir köglar.

3. Hnoðaðu ilmefni í slímið með skeið.



Uppskrift 9

# SILKI MJÚKT SLÍM

Þú getur valið um ilmefni - vanillu - sítrónu - lime - bara eftir smekk möguleikarnir eru endalausir.

Það sem þarf:

118 ml Hvítt Elmer´s lím
1/4 bolli vatn
3-4 matskeiðar af Sta-Flo stífelsi
3 matskeiðar af áburðui - til dæmis handáburði

Aðferð:

FÖNDURLIST

1. Helltu líminu í skál og bættu vatninu við - blanda-hræra.

2. Bætta Sta-Floinu í og blandaðu vel.

3. Þegar búið er að blanda - hnoðaðu þá áburðinn inn í með höndunum þangað til slímið teygjist án þess að slitna.

Láttu slímið liggja í vatni í nokkrar mínútur svo það verði þjálla..



Uppskrift 10

# GALAXY SLÍM



Það sem þarf:

118 ml Hvítt Elmer´s Lím
2 dropar af fjólubláum matarlit
2 dropar af bleikum matarlit
2 dropar af bláum matarlit
1 bolli af blöndum litum/stærðum af þurru glimmer
3-5 matskeiðar af glæru þvottefni - Tide
3 litlar skálar og skeið

FÖNDURLIST

Aðferð:

1. Deildu líminu jafnt á 3 skálar.

2. Settu einn matarlit í hverja skál og dreifðu glimmer yfir.

3. Bættu þvottefninu hægt við hverja skál og hrærðu þangað til slímið framkallast og formast.

4. Þegar slímið eru ekki lengur límkennd -sticky - leggðu þau hlið við hlið og leiktu með það - and Explore the Galaxy.

Uppskrift 11

# GIFS SLÍM

Það sem þarf:

118 ml Hvítt Elmer´s Lím
1/4 bolla af Plaster of Paris gifs
1 matskeið af þvottefni í vökvaformi - Tide
Millistaerð af skál og skeið

Aðferð:

1. Helltu líminu og gifsinu í skálina og blandaðu saman.

FÖNDUR LIST

2. Baettu þvottefninu haegt út í og blandaðu/hraerðu þangað til slímið myndast og formast.

3. Taktu slímið úr skálinni og hnoðaðu í höndunum þangað til það er mjúkt og meðfaerilegtþ



Uppskrift 12

# SMELLI SLÍM

Það sem þarf:

118ml Hvítt Elmer´s lím
118ml Glært Elmer´s lím
1-2 dropa af matarlit - eftir smekk
4 matskeiðar af Sta-Flo stífelsi
Miðstærð af skál og skeið

Aðferð:

1. Blandaðu hvíta - glæra líminu og matarlitnum saman í skál.

2. Helltu Sta-Flo hægt út í blönduna og blandaðu/hrærðu þangað til slímið myndast og formast.

FÖNDURLIST

3. Þegar slímið hefur formast - teygðu á því með höndunum þangað til það er ekki lengur límkennt/klístrað.

4. Leggðu slímið á flöt sem loðir ekki við slímið - nonstick surface - potaðu í það til að heyra smellinn - Góða Skemmtun!



Uppskrift 13

# OFUR TEYGJANLEGT SLÍM



Það sem þarf:

2 x 118ml Elmers Hvítt lím
1/4 bolli vatn
1 matskeið Sturtusápa - Body Wash
1 bolli freyðandi handsápa
1 matskeið Baby Olía
8-10 matskeiðar af Sta-Flo stífelsi
7 dropar af matarlit - litur eftir smekk (ekki nauðsynlegt)
1 bolli raksápa
Stór skál og skeið

Aðferð:

FÖNDURLIST

1. Helltu líminu, vatninu,sturtusápunni, raksápunni, handsápunni, baby olíunni og matarlitnum í skálina og blandaðu saman.

2. Helltu Sta-Flo stífelsinu hægt út í og blandaðu/hrærðu þangað til slímið formast.

3. Hnoðaðu slímið í höndunum og skemmtu þér við að pota og leika þér með það - þetta slím hefur ofur teygjanleika!



Uppskrift 14

# GLER SLÍM

Slím sem er eins og litað gler - en brotnar ekki ef þú missir það

Það sem þarf:

118 ml Glaert Elmer´s lím
1/4 bolli vatn
2 dropar málning eða matarlitur - litur eftir smekk
4-5 matskeiðar Sta-Flo stífelsi
Millistærð af skál og skeið

Aðferð:

1. Helltu líminu, vatninu og litnum í skálina og blandaðu.

2. Helltu Sta-Flo hægt út í blönduna og blandaðu þangað til slímið formast.

FONDURLIST

3. Þegar slímið er tilbúið - taktu það úr skálinni og hnoðaðu það með höndunum þangað til það er ekki lengur límkennt/klístrað.

Geymdu slímið í 2 daga við stofuhita í loftæmdum umbúðum - með þessu myndast flottur gljái - æðislegt!



Uppskrift 15

# GLANS SLÍM

Það sem þarf:

118 ml Hvítt Elmer´s Lím
2-3 matskeiðar af glaeru Elmer´s límí
2 dropar af matarlit - litur eftir smekk
1 matarskeið áburður - Lotion
3 matskeiðar Sta-Flo stífelsi
Miðstaerð af skál og skeið

Aðferð:

1. Helltu hvíta og glaera líminu í skál

2. Baettu áburðinum og matarlitnum við blönduna og hraerðu saman.

FÖNDURLIST

3. Helltu Sta-Flo haegt út í og blandaðu.

4. Þegar þetta hefur allt blandast og slímið formast - taktu slímið úr skálinni og hnoðaðu í höndunum þangað til það er ekki lengur límkennt/klístrað.

Geymdu slímið í 2 daga við stofuhita í lofttaemdum umbúðum
- þá myndast flottasti glansinn.



Uppskrift 16

# HREYFI - FLUFFY SLÍM

Dansar þegar þú potar í það !

Það sem þarf:

2 x 118 ml Hvítt Elmer´s Lím
5-7 dropa af matarlit - litur eftir smekk
2 bollar af raksápu
1 bolli vatn - skipt í tvennt
8-9 matskeiðar af Sta-Flo stífelsi
Meðalstóra skál og skeið.

Aðferð:



1. Blandaðu saman líminu , matarlitnum, raksápunni og 1/4 bolla af vatni í meðalstóra skál.

2, Bættu Sta-Flo hægt við og blandaðu þangað til slímið myndast og formast.

3. Taktu slímið úr skálinni og hnoðaðu þangað til það er ekki lengur límkennt/klístrað.

4. Settu slímið aftur í skálina og bættu smávegis af vatninu sem eftir er við slímið - potaðu í slímið nokkrum sinnum.

5. Hafðu slímið í skálinni í nokkrar mínútur til að það dragi í sig vatnið.

FÖNDURLIST

6, Gerðu þetta nokkrum sinnum þangað til vatnið er búið - þegar slímið hefur dregið í sig allt vatnið er kominn tími til að leika sér með slímið - láta það dansa :-)

Ef þú vilt fá meiri hreyfingu á slímið bættu við vatni.

Uppskrift 17

# MJÚKT OG MATT SLÍM

Það sem þarf:

2 x 118 ml Hvítt Elmer´s Lím
1/4 bolla vatn
2 bollar af Maizena mjöli - Cornastarch - skipt í tvennt
1 bolli raksápa
2 matskeiðar áburður - lotion
10 matskeiðar Sta-Flo stífelsi
Stór skál og skeið

Aðferð:

1. Blandaðu líminu, vatninu, 1 bolla af Maizena mjöli, raksápu og áburði í skálina.

2. Settu restinni af Maizena mjölinu 1 bolla út í blönduna og hrærðu saman við.

FÖNDURLIST

3. Helltu Sta-Flo hægt út í og hrærðu eftir hverja matskeið.

4. Þegar slímið er formað þá verður slímið æðislegt - kremkennd - þykkt slím sem kallar á að það sé potað í það!

Af því að þetta slím inniheldur mikið magn af Maizena mjöli - þá geymir þú það í ísskáp - þá endist það lengur.



Uppskrift 18

# SEGUL SLÍM - aðeins í umsjón foreldra



Ath - Þessa tegund af slími má aðeins gera í umsjón foreldra !!

Málmduftið sem notað er er mjög fínt og það má ekki anda því að sér.

Ekki selt til barna yngri en 16 ára.

Það sem þarf:

1/4 matskeið matarsóti
1 matskeið augnlinsuvökvi
118 ml Hvítt Elmer's Lím
1 matskeið málmduft - Black Iron Oxide Powder
Neodymium segull
Millistærð og lítil skál + skeið

FÖNDURLIST

Aðferð:

1. Blandaðu matarsótanum og augnlinsuvökvanum saman í lítilli skál. Þetta er activator eða það sem framkallar slímið.

2. Helltu líminu í stærri skálina og bættu activator nr 1 - út í og hrærðu saman þangað til slímið myndast.

3. Þegar slímið hefur formast - þá hnoðar þú það í höndunum þangað til það er ekki lengur límkennt/kístrað.

4. Brjóttu saman eða hnoðaðu málmduftinu nr 4 í slímið - taktu upp segulinn nr 5 og sjáðu slímið hreyfast.

Bættu við meira af málmduftinu til að sjá hvort slímið hreyfist hraðar.

Uppskrift 19

# GLÓANDI KÚLU SLÍM - glóir í myrkri

Það sem þarf:

118 ml Glært Elmer's Lím
1/4 bolli vatn
2 bollar raksápa
4 matskeiðar af Glóir í myrkri málningu
6-7 matskeiðar af glæru þvottefni í vökvaformi - Tide
Milistærð af skál og skeið

Aðferð:

1. Helltu líminu, vatninu, raksápunni og málningunni í skál og blandaðu saman.

2. Bættu þvottefninu hægt við og blandaðu vel saman þangað til slím myndast og formast.

FÖNDURLIST

3. Taktu það úr skálinni og hnoðaðu það þangað til það er ekki lengur límkennt/klístrað.

4. Láttu slímið liggja í skálinni með matarfilmu yfir í 1 dag þangað il loftbólur myndast. Filman má ekki snerta slímið.

5. Nú þarf að hlaða slímið undir lampa - farðu síðan með það í dimmt herbergi og skoðaðu glóandi loftkúlur.





Uppskrift 20

# MÁLM PERLU SLÍM



Það sem þarf:

118 ml Glaert Elmers Lím
1/4 bolli vatn
3-5 matskeiðar af glaeru þvottefni - Tide
1/2 teskeið af Pearlex málm litar efni
Millistaerð af skál og skeið

FÖNDURLIST

Aðferð:

1. Blandaðu líminu og vatninu saman í skál.

2. Helltu þvottefninu haegt við blönduna og hraerðu þangað til slímið formast.

3. Þegar slímið er formað - þá hnoðar þú það í höndunum.

4.Leggðu slímið á flöt sem festist ekki við og stráðu málmduftinu yfir slímið.

5. Leggðu/fold  slímið yfir málmduftið þangað til slímið er litað.

Uppskrift 21

# STÓRT LITAÐ SLÍM

Það sem þarf:

1 Matskeið matarsóti
2 matskeiðar linsuvökvi
225 ml Hvítt Elmer's lím
Matarlit að eigin vali




Aðferð:

1. Þú þarft skál tilað blanda slímið í.



2. Helltu öllu líminu í skálina.

3. settu 1 matskeið af matarsóta í skálina og hrærðu saman við límið.

4. Þegar þú ert búinn að hræra þessu saman við límið - settu þá matarlitinn út í.

FÖNDURLIST



5. Hrærðu og bættu við matarlit þangað til þú færð rétta litinn.

6. Settu 1 matskeið af linsuvökva í skálina.

7. Hrærðu þangað til slím myndast og það verður erfiðara að hræra.




8. Taktu slímið úr skálinni og hnoðaðu það með báðum höndum.

9. Ef nauðsynlegt - bættu 1/4 matskeið af linsuvökva við slímið svo það verði minna klístrugt.

Uppskrift 22

# JUMBO - MJÖG STÓRT LITAÐ SLÍM

Það sem þarf:

1 1/2 matskeið matarsóti
3 matskeiðar linsuvökvi
3 x 4 oz - 118 ml Hvítt Elmer´s lím - samtals 354 ml
Matarlitur að eigin vali

Aðferð:

1. Þú þarft skál til að blanda slímið í.

2. Helltu öllu líminu í skálina.

3. Bættu 1 1/2 matskeið af matarsóta út í límið og blandaðu þessu saman..

FÖNDURLIST

4. Þegar þú ert búinn að blanda þessu saman - settu matarlitinn út í.

5. Blandaðu þessu saman og bættu við matarlit þangað til þú færð rétta litinn.

6. Bætti 3 matskeiðum af linsuvökva út í.

7. Hrærðu þangað til slím myndast og erfitt verður að hræra.

8. Taktu slímið úr skálinni og byrjaðu að hnoða með báðum höndum.

9. Ef nauðsynlegt - bættu við 1/2 matskeið af linsuvökva til að slímið verði minna klístrugt.



Uppskrift 23

# EXTRA STÓRT LITAÐ SLÍM - Slím í stærra lagi

Það sem þarf:

1 matskeið matarsóti
2 matskeiðar linsuvökvi
2 x 4 oz - 118 ml Hvítt Elmer´s lím - samtals 236 ml
Matarlitur að eigin vali

Aðferð:

1. Þú þarft skál til að blanda slímið í.

2. Helltu öllu líminu í skálina.

3. Settu 1 matskeið af matarsóta út í og blandaðu saman.

4. Þegar þú ert búinn að blanda þessu saman - settu matarlitinn út í.

FÖNDURLIST

5. Blandaðu þessu saman og bættu við matarlit þangað til þú færð rétta litinn.

6. Bættu við 2 matskeiðum af linsuvökva.

7. Hrærðu þangað til slím myndast og erfitt verður að hræra.

8. Taktu slímið úr skálinni og byrjaðu að hnoða með báðum höndum.

9. Ef nauðsynlegt - bættu við 1/4 matskeið af linsuvökva til að slímið verði minna klístrugt.

Uppskrift 24

# LITAÐ SLÍM



Það sem þarf:

1/2 matskeið matarsóti
1 matskeið linsuvökvi
118 ml Hvítt Elmer's Lím
Matarlitur að eigin vali

Aðferð:

1. Þú þarft skál til að blanda slímið í.

2. Helltu öllu líminu í skálina.

3. Settu 1/2 matskeið af matarsóta út í og blandaðu saman.

4. Þegar þú ert búinn að blanda þessu saman - settu matarlitinn út í.

FONDURLIST

5. Blandaðu þessu saman og bættu við matarlit þangað til þú færð rétta litinn.

6. Bættu við 1 matskeið af linsuvökva.

7. Hrærðu þangað til slím myndast og erfitt verður að hræra..

8. Taktu slímið úr skálinni og byrjaðu að hnoða með báðum höndum.

9. Ef nauðsynlegt - bættu við 1/4 matskeið af linsuvökva til að slímið verði minna klístrugt.

Slímgerð - er þetta ekki að virka hjá þér?

## Algengar spurningar

1. Slímið  er of límkennt - loðir við þig ?

Þú getur blandað saman 1/2 teskeið af matarsóda og 2 matskeiðum af vatni.  Ef það er notað í uppskriftinni  EÐA notað smávegis af Baby Olíu og hnoðað þetta saman við slímið.

!2. Slímið mitt er of vatnskennt.

Þá blandar þú meira af activator út í það - activator er matarsóti og augnlinsuvökvi - ef það er notað í uppskriftinni.

3. Blanda ég glimmer og lit út í slímið áður en ég set activator út í ?

Það skiptir ekki máli - þú getur gert þetta eftir á líka.

FÖNDURLIST

4. Hvernig geri ég slím litríkara ?

Þú getur notað matarlit - akríl málningu - naglalakk - pearlex duft - til hjá okkur :-) og fleira.

5. Hver er líftími slímsins ?

Ef þú notar gæða lím eins og Elmers (eins og selt er í Föndurlist) þá getur verið gott í margar vikur - jafnvel mánuði.  Svo framarlega sem þú geymir það í lofttæmdum umbúðum, boxi eða poka svo það þorni ekki.

6. Ef þú færð slím í fötin?

Skolaðu það bara úr áður en slímið þornar.

7. Á að nota einhverja sérstaka tegund af augnlinsuvökva?

Augnlinsuvökvinn þarf að innihalda borate eða boric acid - flest eru þau með þessu en það eru undantekningar.

Vertu velkominn í verslun Föndurlistar Vaxandi og skoðaðu úrvalið sem við bjóðum upp á fyrir Slímgerðina.







Föndurlist - Vaxandi ehf
Strandgata 75, 220 Hafnarfjörður
s. 553-1800
facebook.com/fondurlist
www.fondurlist.is

Opið virka daga 13-18 - Laugardaga 11-15